

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar



Árskýrsla 2009-2010

Efnisyfirlit

Annáll 2009-2010.....	3
Starfsemi og aðbúnaður.....	3
Enduropnun í september 2009.....	3
Tölvumál og forrit.....	3
Örsýningar.....	4
Skráningarmál.....	4
Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða.....	5
Á ferð og flugi.....	5
Ráðstefna Héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns.....	5
Norrænn skjaladagur í nóvember 2010.....	6
Námskeið í skjalavörslu.....	6
Heimsóknir.....	6
Afhendingar.....	7
Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2009.....	7
Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2010.....	8
Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar.....	11
Yfirlit fyrir árið 2009.....	11
Yfirlit fyrir árið 2010.....	11

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar í mars 2010
Umbrot og hönnun: Birna Mjöll Sigurðardóttir

*Öll réttindi áskilin.
Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið*

Ljósmynd á forsíðu: Varmá og verksmiðjuhúsin að Álafossi á 4. áratug síðustu aldar
© Leifur Loftsson

Annáll 2009-2010

Starfsemi og aðbúnaður

Endurofnun í september 2009

Nýr héraðsskjalavörður var ráðinn til starfa sumarið 2009. Hann hóf þó ekki störf fyrr en í september sama ár.

Safnið hafði fallið í nokkra óhirðu eftir að hafa verið án starfsmanns í rúmlega fimm ár og tók töluverðan tíma að koma því í starfhæft horf. Mikill tími fór í tiltekt og endurskipulagningu á húsgögnum og öðrum munum safnsins. Einnig þurfti að ganga frá gögnum sem borist höfðu á þessu tímabili og hafði verið staflað á gólfu. Var þeim komið fyrir í geymslu en því miður eru þau enn ófrágengin og óskráð.



Ástandið á safninu áður en tekið var til.

Er tiltekt var lokið, var starfsmönnum bæjarskrifstofu og bókasafns boðið í endurofnunarteiti, þar sem kynnt voru húsakynni safnsins og safnkostur þess.

Nú er kominn stöðugleiki á starfsemina og ætlunin að byggja ofan á það sem komið er.

Tölvumál og forrit

Þegar nýr héraðsskjalavörður tók við starfseminni var ljóst að endurnýja þyrfti tölvubúnaðinn og önnur skrifstofutæki þar sem eldri tæki voru orðin úrelt og/eða skemmd. Sérstaklega var tölvun orðin þreytt, að hrúni komin og því mikilvægt að bjarga þeim gögnum sem geymd voru í tölvunni sem tókst bærilega. Hins vegar var forritið Anokee sem var hannað sem sérhæft skráningarforrit fyrir ljósmyndir hrúnið og erfitt reyndist að ná gögnum en einungis reitur af upplýsingum náðust úr því. Prentarinn var skemmdur þar sem blekið hafði þornað í honum og ekki reyndist taka því að gera við hann.

Helstu tæki sem keypt voru: Lenovo ThinkCenter borðtölva, Lenovo ThinkVision skjár, HP Laserjet 1010 prentari, WD 500 gb flakkari, Canon 8800f skanni og Canon Ixus 110 myndavél. Einnig var skráningarforritið FileMaker endurnýjað.

Örsýningar

Á árinu 2010 voru settar upp þrjár sýningar í sýningarkassa Bókasafns Mosfellsbæjar. Þær voru „Íþróttaiðkun fyrir 80 árum“ þar sem sýndar voru ljósmyndir frá Álafossi, „Notkun á Varmá á fyrrihluta 20. aldar“ þar sem sýnd voru bæði skjöl og ljósmyndir og síðast „Jóla kort frá árunum 1933-2000“ en uppistaða þeirrar sýningar voru jóla kort frá hjónunum á Úlfarsfelli, Grími Norðdahl og Ragnheiði Jónsdóttur.

Með áframhaldandi samstarfi við bóksafnið er ætlunin að halda litlar sýningar enda hefur fjöldinn allur af hugmyndum af litlum, skemmtilegum sýningum hefur poppað upp, til að mynda:


- *Brúarlandsskóli*
- *Mannlíf í Mosfellsdalnum*
- *Söguvið og höfuðpersónur í Innansveitarkróniku Halldórs Laxness*
- *Menning í Mosfellssveit*
- *Opnun Varmárlaugar*
- *Sumarstörf*
- *Portrettmyndir af Mosfellingum*
- *Sr. Hálf dán Helgason prófastur á Mosfelli*
- *Sr. Bjarni Sigurðsson prestur á Mosfelli*
- *Þekkir þú fólkíð á myndunum?*



Úr sýningunni „Notkun á Varmá á fyrrihluta 20. aldar“

Skráningarmál

Undirstaða safns af þessari gerð er skráning og pökkun. Er skráningin meginforsenda þess að gögn finnist og safnið nýtist þeim sem hyggjast nota gögnin. Skráningarforrit skjálanna sem notað er á safninu er FileMaker.



Skipunarbréf Björns Bjarnarsonar í embætti hreppsjórs Mosfellssveitar árið 1904.

Frá því að fyrrverandi héraðsskjalavörður, hætti 2004 þar til núverandi héraðsskjalavörður tók við, var ekkert skrá af gögnum sem bárust safninu. Á þeim tíma sem enginn starfsmaður starfaði á safninu var þó tekið við gögnum sem bárust og þeim komið fyrir í húsnæði héraðsskjalasafnsins án skráningar. Vegna þessa safnaðist upp töluvert magn af óskráðu og ófrágengnu efni sem nauðsynlegt er að skrá svo það verði aðgengilegt. Ennfremur verður mikil vinna að finna út afhendingardag og afhendingaraðila gagnanna.

Því miður hefur skráðum og óskráðum gögnum verið í mörgum tilfellum komið fyrir í sömu geymslu þannig að töluvert vinna verður að greina óskráð gögn frá skráðum.

Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða

Á fundi Félags héraðsskjalavarða 27. mars 2009 var tekin ákvörðun um að félagið skyldi standa fyrir átaksverkefnum að taka skjalasöfn til varðveislu í héraðsskjalasöfnin, bæði til þess að skjölin skiluðu sér og til að tryggja vörslu þeirra og aðgengi að skjölunum.

Fyrstu tvö árin voru viðfangsefnin:

2009: Konur og kvenfélög.

Kvenfélag Lágafellssóknar, sem fagnaði 100 ára afmæli sínu á árinu, skilaði inn öllum sínum gögnum í 100 ára sögu félagsins þar á meðal elstu fundargerðarbókinni sem hófst árið 1909. Seinna skiluðu þær öðrum gögnum s.s. reikningum, mætingalistum, ljósmyndum o.fl.

Niðurstöður átaksverkefnisins voru teknar saman í skýrslunni „Skjalasöfn kvenfélaga og félaga kvenna“ sem finna má á vefsíðu félagsins (http://heradsskjalasafn.is/images/stories/kvenfelagaskjalasofn_2009_13_01_10.pdf)

2010: Söfnun gagna um sóknarnefndir í heimabyggð.

Sóknarnefnd Lágafellssóknar afhenti fundargerðarbækur sínar, gamla biblíu og sálmabækur. Áður höfðu borist gögn frá Kirkjukór Lágafellssóknar.

Niðurstöður átaksverkefnisins hafa ekki enn verið teknar saman en von er á skýrslu um verkefnið innan tíðar.

Á ferð og flugi

Ráðstefna Héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns



Frá ráðstefnu Þjóðskjalasafns og Héraðsskjalasafna á Höfn í Hornafirði í september 2010.

Á hverju hausti er haldin ráðstefna á vegum héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns. Markmið þessarar ráðstefnu er að þjappa saman skjalavörsluáðilum sem eru dreifðir um allt land, kynna hvað er helst á döfinni og leiðbeina.

Ráðstefnan 2010 var haldin á Höfn 22. og 23. september 2010. Það helst sem tekið var fyrir var: Tilkynning rafrænna gagnakerfa, kynning á eftirlitskerfi Þjóðskjalasafns, leiðbeiningar og eftirlit héraðsskjalasafna með skjalamyndurum, grisjun skjalasafna – tilgangur og meginsjónarmið, sóknarfæri skjalasafna og kynning á Handbók Þjóðskjalasafns auk annarra mála og almennra umræðna.

Norrænn skjaladagur í nóvember 2010

Norrænn skjaladagur er ár hvert haldinn hátíðlegur af skjalasöfnum á öllum Norðurlöndunum, á Íslandi af Þjóðskjalasafni Íslands og héraðsskjalasöfnunum.

Skjalasöfn opna hús sín fyrir almenningi á þessum degi og vekja athygli á tilteknum skjalaflokkum, oft með því að setja upp sýningar á völdum skjölum.

Árið 2009 var þema dagsins „Konur og kvenfélög“ en árið 2010 var þema skjaladagsins „Veður og loftslag“ sem var sameiginlegt norrænt þema. Viðfangsefnið var síðar breytt í „Veður og náttúra“.

Viðfangsefni Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar var nýting íbúa á ánni Varmá. Var safnið með tvær sýningar. Önnur var í samstarfi við önnur héraðsskjalasöfn landsins og var sýningin haldin á Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Þá var sett upp lítil sýning í sýningarbás Bókasafns Mosfellsbæjar í Kjarna, þar sem sýndar voru myndir og skjöl tengd Varmá.

Viðfangsefni ársins 2011 hefur ekki verið ákveðið, en upplýsingar um það kemur yfirleitt í ágúst ár hvert.

Námskeið í skjalavörslu

Þann 9. júní 2010 var haldið námskeið í skjalavistunaráætlunum skóla og leikskóla af félagi Héraðsskjalavarða. Námskeiðið var kennt með fjarkennslubúnaði svo héraðsskjalaverðir um allt land tóku þátt í námskeiðinu. Héraðsskjalaverðir af Höfuðborgarsvæðinu hittust á Selfossi.

Fyrirlesarar voru Hrafn Sveinbjörnsson Héraðsskjalasafni Kópavogs, Svanhildur Bogadóttir frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur og Þorsteinn Másson frá Héraðsskjalasafni Árnessýslu.

Heimsóknir

Á árunum 2009-2010 fór héraðsskjalavörður í nokkrar heimsóknir til að kynna sér starfsemi annarra safna. Í september 2009 heimsótti hann Þjóðskjalasafn Íslands og kynnti sér starfsemi þess og fékk leiðbeiningar um söfnun, skráningu, geymslu og annað auk hvatningar sem nýjum héraðsskjalaverði veitti ekki af. Í lok apríl 2010 voru Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Ljósmyndadeild Þjóðminjasafns og Héraðsskjalasafn Kópavogs heimsótt, mjög fróðlegar og nytsamar heimsóknir. Í október var farið í góða ferð til Borgarskjalasafns Reykjavíkur, þar sem vel var tekið á móti og skemmtileg leiðsögn veitt um safnið.

Afhendingar

Afhendingar á árinu 2009 eru skráðar 14 en nokkrar afhendingar, sem skilað var í pörtum, eru úr sama safni þannig að segja má að afhendingar séu í raun 11 talsins. Helstu afhendingarnar voru t.a.m mikið magn gagna sem komu frá Aftureldingu eftir ritun bókarinnar Dagrennings, aldarsögu ungmennafélagsins. Kvenfélag Lágafellssóknar skilaði fundargerðar- og sjóðsbókum félagsins frá 100 ára sögu þess. Bókasafnið skilaði gögnum um 100 ára sögu þess frá stofnun Lestrarfélags Lágafellssóknar sem stofnað var 1909.

Afhendingar á árinu 2010 teljast 19 talsins. Kvenfélagið skilaði gögnum og hefur þá skilað öllum sínum gögnum. Varmárskóli skilaði gömlum gögnum frá farskólanum og Brúarlandsskóla, fyrirrennurum Varmárskóla og Sóknarnefnd Lágafellssóknar skilaði inn gögnum sem óskað var eftir í safnátaki Félags Héraðsskjalavarða.

Auk þessa smærri afhendingar frá einstaklingum og stök skjöl frá bæjarskrifstofunum, sem tengjast eldra safni.



Hreiðar Örn Stefánsson afhendir Héraðsskjalaverði skjöl Sóknarnefndar Lágafellssóknar í október 2010.

Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2009

Nr.	Tímabil	Innihald	Afhendingaraðili	Dags. afhent.
01	1890-1991	Gögn um Lestrarfélag Lágafellssóknar, Héraðsbókasafn Kjósasýslu og Bókasafn Mosfellsbæjar. Bréfasafn og fundargerðarbækur	Hildur Marta Richter	8.9.2009
02	1953-1997	Fundargerðarbækur frá 1953-1985. Fundageraðabók frá 1985-2005 Reikningasjóðsbók frá 1953-1968. Basarbók frá 1979-1986. Bók um kaffi fyrir eldri borgara frá 1976-1997. Bók um jólatréskemmtanir frá 1980-1988. Bók um hestamannakaffi frá 1981-1994. Tvær gestabækur.	Ingimunda Loftsdóttir	20.10.2009
03	1909-1957	Fundargerðarbók 1909-1926 Fundargerðarbók 1926-1945 Fundargerðarbók 1945-1953 Sjóðsbók 1921-1967. Sjóðsbók 1953. Sjóðsbók 1945-1957. Minningargjafabók Kvenfélags Lágafellssóknar.	Ingimunda Loftsdóttir	10.11.2009

Nr.	Tímabil	Innihald	Afhendingaraðili	Dags. afhenn.
		Minningarsjóður Kvenfélags Lágafellssóknar.		
04	2007	Skeyti til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar í tilefni 20 ára afmælis bæjarins frá Jóni M. Guðmundssyni og Málfríði Bjarnadóttur Reykjum.	Stefán Ómar Jónsson	2.12.2009
05		Myndir úr sögu Ungmannafélags Aftureldingar. Kemur úr gagnasöfnun fyrir bókina Dagrenningur (100 ára saga Aftureldingar)	Hlynur Chadwick	4.12.2009
06		Myndir úr sögu Ungmannafélags Aftureldingar. Eitthvað af þessum myndum kemur úr kjallaranum í gömlu símstöðinni við Brúarland. Eitthvað kemur frá Hlyni sjálfum. Myndir frá hernámsárunum.	Hlynur Chadwick	9.12.2009
07		Afhent skjöl frá frjálisþróttadeild Aftureldingar. Myndir úr sögu Ungmannafélags Aftureldingar. Munir, eins og bikarar og veifur frá öðrum félögum, tveir CD diskar og fleira smálegt	Hlynur Chadwick	18.12.2009
08		Afrit af ræðu Freyju Norðdahl sem hún flutti á 60 ára afmæli Kvenfélags Lágafellssóknar.	Ólöf Örnólfsdóttir	22.12.2009
09	1990	Tvær ljósmyndir frá Sigurði Blöndal. teknar 19.5.1990 þegar átakspöntun hófst í Lágafelli Mosfellsbæ.	Guðrún Hafsteinsdóttir	9.12.2009
10	1941	Lögreglusamykkkt Kjósasýslu frá 1941	Dóra Guðný Sigurðardóttir	8.11.2009
11	1929-2004	Símskeyti frá ÍSÍ í tilefni af 20 ára afmæli UMFA. Myndir í albúmi af tveimur leiksýningum leikfélags UMFA.	Bjarki Bjarnason	8.11.2009
12	1937-1944	Leigusamningur um Svanastaði, Kaupsamningur um herhús að Brúarlandi, Lántaka hjá Bjargráðasjóði og skjöl um lönd Mosfellshrepps á Mosfellsheiði vegna ameríska hersins.	Einar Birnir	21.1.2009
13	1997-1999	Kort af fyrirtækjum í Þverholti 2, ca. frá árunum 1997-1999. Tvö eintök.	Valgerður Sigurðardóttir	3.6.2009
14	1949-1957	Fjórar teikningar af Mosfellssveit.	Hallfríður Georgsdóttir	30.6.2009

Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2010

Nr.	Tímabil	Innihald	Afhendingaraðili	Dags. afhenn.
01		Reikningar, bréfasafn, gestabók og fleiri skjöl frá Kvenfélagi Lágafellssóknar	Ingimunda Loftsdóttir	19.1.2010
02	1994-2000	Ljósmyndasafn Gylfa Guðjónssonar. Safnið tengist útgáfu þriggja héraðsblaða, þ.e. Mosfellsfréttu frá 1991-1998, Mosfellsblaðsins og síðan Varmár til ársins 2005.	Hlynur Chadwick	19.1.2010

		Eintök af Héraðsblöðum þar sem Gylfi var ritstjóri .		
03	1946-2009	Ýmis fréttar-, kynningar- og dreifibréf, ársskýrslur, ársreikningar og auglýsingar frá félögum í Mosfellsbæ. (sjá meðfylgjandi lista) Gögn frá Jóni M. Guðmundssyni, Reykjum: Fundargerðir húsnæfndar Hlégarðs 1951-1954 Fundargerðir UMFA frá 1946-1947 Upplýsingar um mót á vegum UMSK mest frá árinu 1950	Helga Jónsdóttir	21.1.2010
04		Gögn varðandi upphaf og undirbúning að stofnun Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar.	Marta Hildur Richter	21.1.2010
05	2009-2059	Bréf frá stjórn Aftureldingar dags. 11. apríl 2009, sem á ekki að opnast fyrr en 11. apríl 2059.	Jón Pálsson, formaður Aftureldingar	30.3.2010
06	1910-2001	Kladdar frá 1993-2001, 213 stk. Prófbók fyrir farskólann í Mosfellsfræðsluhéraði. Hefst veturinn 1910 og lýkur 1933 Dagbók Brúarlandsskóla – veturinn 1926-1927. Leikjabók Brúarlandsskóla, skrifuð í mars 1932. Fundarbók foreldrafélags Brúarlandsskóla. 1958-1965. Fundarbók foreldrafélags Mosfellskólalshverfis. 1965-1971. Fundargerðarbók Varmárskóla. Árin 1969 – 1976 Fundargerðarbók Varmárskóla. Árin 1976 – 1983 Fundargerðarbók Varmárskóla. Árin 1998 – 2001 Fundargerðarbók kennararáðs Varmárskóla. Árin 1986 – 2002 Nemendaspjaldskrár -nemendur fæddir 1985-2001	Þórunn Ólafsdóttir skólastjóri	10.6.2010
07	1987-1998	Gögn frá mótum Gogga galvaska. Ljósmyndir af byggingu íþróttahúss á Varmá (nýrra húsið). Frá 1997-1998. Ýmsar ljósmyndir og skjöl frá frjálsíþróttum, handbolta og öðrum viðburðum Aftureldingar. Ljósmyndir á tveimur stjórum spjöldum af völlum í Þýskalandi, Hollandi og Lúxemborg sem voru notaðir til viðmiðunar við gerð Varmárvallar. Frá 1987. CD diskar með myndum og skjölum frá viðburðum á vegum Aftureldingar.	Hlynur Chadwick Guðmundsson	8.9.2010
08	1984-2009	Mosfellsblaðið 1. tbl 3. árg. janúar 2000. Á blaðsíðu 6 er fjallað um 90 ára afmæli Kvenfélags Lágafellssóknar. Afmælisrit Kvenfélags Lágafellssóknar gefið út árið 2009 í tilefni að 100 ára afmæli félagsins	Ingimunda Loftsdóttir	1.10.2010

09	1890-1984	108 teikningar eftir Pétur Hjálmsón, óstimplaðar. Gögn vegna sölu á hesthúsi Péturs við Funabakka 2, árið 1992. Ýmis gögn, teikningar, afsöl o.fl. (ljósrit) vegna Hraðastaða frá árunum 1890-1985	Pétur Hjálmsón	6.10.2010
10	1980-1989	Mosfellspósturinn 1. árgangur, 1. tbl. 12. desember 1980 -8. árgangs 10 tbl. október 1989. Opna úr Þjóðviljanum (sennilega frá 1986) bls. 7 -þegar Mosfellssveit varð Mosfellsbær.	Helga Jónsdóttir	7.10.2010
11	1906-2010	Fundargerðarbók sóknarnefndar 26.7.1908 -3.2.1966 Fundargerðarbók sóknarnefndar 6.11.1966 -8.5.1985 Fundargerðarbók sóknarnefndar 15.7.1985 -30.12.1994 Kassabók (reikningar) kirkjunnar 1907-1941 Kirkjureikningar 1940-1965 Minningagjafabók 1958-1969 Sálmabók, óvíst með ártal en virðist mjög gömul 150 sálmar frá 1912 Nýja testamentið frá 1906 Tvö afhendingarskjöl undirrituð af Hreiðari Erni	Hreiðar Örn Stefánsson	21.10.2010
12	1990	Bréfasamskipti milli Rótarýklúbbs Mosfellsbæjar og Mosfellsbæjar varðandi leigu á lóð til gróðursetningar.	Tómas Guðberg Gíslason	4.11.2010
13	2001-2007	Sérkennsla árin 2001-2007 Hljómpróf börn fædd 1997-2001	Gerður Pálsdóttir	10.11.2010
14		Útprentun á myndum frá upphafsárum Brúarlandsskóla af skólakörkkum og kennurum. Einnig mynd af sama fólki 60 árum seinna, sem er á lífi. Þá er einnig nafnalisti af þeim sem er að finna á myndunum.	Guðmundur Magnússon	16.9.2010
15	1980-1994	Safnmöppur, ljósmyndir, fundargerðarbók stjórnar Álafosskórsins frá 28.10.1982-6.9.1994 o.fl.	Magnús G. Guðfinnsson	22.12.2010
16	2008	Tillögur að útilistaverki á miðbæjartorginu	Björn Þráinn Þórðarson	29.12.2010
17	1951-1979	21 ljósmyndir frá Önnu Sigurðardóttur frá Saurbæ, safnað í tengslum við ritun á sögu Hestamannafélagsins Harðar.	Helgi Sigurðsson dýralæknir	12.10.2010
18	1964-1966	3 ljósmyndir frá Guðmundi Ólafssyni fyrrverandi formanni Hestamannafélagsins Fáks, safnað í tengslum við ritun á sögu Hestamannafélagsins Harðar.	Helgi Sigurðsson dýralæknir	20.9.2010
19	1961-1968	7 ljósmyndir frá Ólafi Ingimundarsyni frá Hríbrú, safnað í tengslum við ritun á sögu Hestamannafélagsins Harðar.	Helgi Sigurðsson dýralæknir	23.11.2010

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar

Yfirlit fyrir árið 2009

Tekjur - Mosfellsbær	5.300.000 kr.
Tekjur - framlag ríkisins	<u>200.000 kr.</u>
	5.500.000 kr.
Launakostnaður	1.449.841 kr.
Húsaleiga/Hússjóður	2.762.372 kr.
Fundir/ferðakostnaður	17.400 kr.
Viðhald húsnæðis/þrif	13.052 kr.
Vörukaup	<u>657.565 kr.</u>
	4.900.230 kr.
Samtals	<u><u>599.770 kr.</u></u>

Yfirlit fyrir árið 2010

Tekjur - Mosfellsbær	5.604.473 kr.
Tekjur - framlag ríkisins	725.000 kr.
Tekjur flutt frá fyrra ári	<u>200.000 kr.</u>
	6.529.473 kr.
Launakostnaður	2.567.907,00
Húsaleiga / Hússjóður	2.956.057,00
Rafmagn	109.223,00
Fundir / ferðakostnaður	72.776 kr.
Viðhald húsnæðis / þrif	88.261 kr.
Vörukaup	<u>612.762 kr.</u>
	6.406.986 kr.
Samtals	<u><u>122.487 kr.</u></u>